

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna
í samræmi við lög nr. 152/2009

Leiðbeiningar og umsóknarferli



Útgáfa september 2023

Efnisyfirlit

1.	Umsóknir og umsóknarferli.....	3
	Fullgild umsókn og gögn með umsóknum.....	5
	Rannsóknar- og þróunarverkefni - R&P.....	5
	Almennur rekstur telst ekki til þróunar.....	6
	Hugtakið „fyrirtæki“	6
	Hugtakið lítið og meðalstórt fyrirtæki, “ SME“	7
	Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.....	8
	Kostnaðaráætlun og kostnaðargerð	9
	Styrkhæfur kostnaður.....	10
	Hámark kostnaðar og endurgreiðsluhlutföll	10
	Tengdir lögaðilar	11
	Samstarfsverkefni	11
	Viðskiptaáætlun.....	11
	Innsending á umsókn og svör við fyrirspurnum	13
2.	Verklag Rannís við yfirferð umsókna.....	14
	Fagnefnd	15
	Gátlistar	15
3.	Algengar spurningar og svör.	16

1. Umsóknir og umsóknarferli.

Markmið laga nr. 152/2009 (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2009152.html>), um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, er að beita skattalegum hvötum til að efla rannsóknir og þróunarstarf (R&D) nýsköpunarfyrirtækja og stuðla þannig að bættum samkeppnisskilyrðum fyrirtækja. Í þessari handbók er fjallað um lögin, umsóknir og verklag við mat á umsóknum. Við gerð handbókarinnar var haft samráð við hagsmunaaðila.

Fyrirtæki, sem er eigandi rannsóknar- og þróunarverkefna og vill njóta stuðnings sem lögin kveða á um, skal senda Rannís umsókn þess efnis. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum geta sótt um og fengið staðfestingu á að verkefni sem unnið er að sé rannsóknar- eða þróunarverkefni, að uppfylltum skilyrðum laganna. Lögin taka ekki til háskóla og opinberra stofnana.

Sækja þarf um hvert verkefni út af fyrir sig. Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 1. október ár hvert. Staðfesting Rannís skal miðast við umsóknarár og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1. apríl. Fallist Rannís á framlengingu gildir staðfestingin fyrir það ár.

Til þess að umsókn teljist fullgild verða allar nauðsynlegar og umbeðnar upplýsingar að liggja fyrir.

Nauðsynlegt er að skila eftirfarandi umsóknargögnum með umsóknum:

- Sjálfsmati á stærðaflokkun fyrirtækisins með staðfestingu endurskoðanda fyrirtækisins, ef um er að ræða lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem er hluti af samstæðu, heyrir undir móðurfélag eða á eitt eða fleiri dótturfélög. Sjá nánar undir hugtakið lítið og meðalstórt fyrirtæki „SME“ hér að neðan.
- Samstarfssamningi ef um samstarfsverkefni er að ræða. Samstarfsverkefni skulu vera skilgreind sérstaklega og upplýst skal um alla þátttakendur í þeim í kafla 2.6 í umsókn, auk þess sem samstarfssamningur þarf að fylgja umsókn í viðhengi.

Staðfesting Rannís

Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt 5. gr. laganna. Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum og einnig]:

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. [1 millj. kr.] ³ til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

Rannís sendir ríkisskattstjóra gögn og upplýsingar um þau verkefni og eigendur sem hlotið hafa staðfestingu. Ákvarðanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnýslustigi.

Greiðsla skattfrádráttar

Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álagðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. [71. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til [112. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.


Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali í tengslum við skil á skattskýrslu fyrirtækisins á sérstöku eyðublaði RSK 4.21. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara. Greiðsluuppgjör vegna staðfesta umsókna eru í höndum ríkisskattstjóra álagningu lögaðila, sem alla jafnan á sér stað um mánaðarmótin október/nóvember ár hvert vegna rekstrarársins þar á undan. Ógreiddir skattar og gjöld eru dregin frá við endurgreiðslu.

Fyrirtæki eiga ekki rétt á endurgreiðslu rannsóknar- og þróunarkostnaðar ef annar eða báðir liðir hér að neðan eiga við:

- Eigi íslenska ríkið útistandandi endurgreiðslukröfu á umsækjanda vegna ólögmætrar ríkisaðstoðar.
- Eigi fyrirtækið í fjárhagsvanda skv. skilgreiningu í 1. gr. reglugerðar nr. 758/2011 með síðari breytingum. (<https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=758.2011.0>)

Umsóknir til Rannís.

Umsókn skal afhent á því formi sem Rannís ákveður. Rannís uppfærir formið í takti við þær breytingar sem verða á lögnum, ásamt reynslu og endurgjöf umsækjenda.




Stöðugt er unnið að því að auka skilvirkni þess umsýslukerfis sem Rannís hefur þróað fyrir skattfrátt rannsóknar- og þróunarverkefna, m.a. með að innleiða ýmiskonar leiðbeiningar, villutékk og viðvaranir til umsækjenda sem miða að því að fækka óþarfa leiðréttingum á umsóknum eftirá, með tilheyrandi töfum. Á framangreindri mynd sést m.a. hvernig viðbótar

kröfur um upplýsingar opnast sjálfkrafa um að umsækjandi skili Sjálfsmati á stærðaflokkun fyrirtækisins með staðfestingu endurskoðanda fyrirtækisins, ef um er að ræða lítið eða meðalstórt fyrirtæki sem er hluti af samstæðu, heyrir undir móðurfélag eða á eitt eða fleiri dótturfélög.

Fullgild umsókn og gögn með umsóknum

Þegar fullnægjandi gögn hafa borist telst umsóknin fullgild. Frestur til að afgreiða umsókn telst frá því að fullgild umsókn liggur fyrir. Ef í ljós kemur við yfirferð umsóknar að nauðsynlegar upplýsingar vantar, kallar Rannís eftir þeim frá umsækjanda með fyrirspurn í samskiptagátt umsýslukerfisins. Umsækjandi hefur alla jafnan tvær vikur til að skila inn umbeðnum upplýsingum. Ef umsækjandi skilar ekki umbeðnum telst umsókn ekki fullgild og verður þá vísað frá, ef umræddar upplýsingar berast ekki.

Upplýsingar sem berast utan umsóknakerfis og ekki rekjanlegar innan umsóknakerfisins eru alla jafnan ekki teknar gildar. Hægt er þó að bæta við viðbótar gögnum og myndum í formi viðhengja á pdf-formi í kafla 2.2 í umsókn ef umsækjandi telur að það skýri umsóknina betur. Umsækjendur eru þó beðnir að gæta hófs í þeim efnum.



Rannsóknar- og þróunarverkefni - R&P

Oft eru mörkin milli venjulegrar starfsemi og/eða reksturs annars vegar og þróunarvinnu hins vegar óljós. Í 3. gr reglugerðar nr. 758/2011 (<https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=758.2011.0>) með síðari breytingum er skilgreint hvað telst vera rannsóknir og hvað telst vera þróun.

1. **Rannsóknir:** Skipulegar rannsóknir eða veigamiklar athuganir sem hafa að markmiði að stuðla að nýrri þekkingu og færni við að þróa nýjar vörur, ferla eða þjónustu eða leiða til verulegra umbóta á þeim vörum, ferlum eða þjónustu sem þegar er til staðar. Þær felast í gerð íhluta í flókin kerfi, og geta falið í sér smíði frumgerða í

rannsóknarstofuumhverfi eða umhverfi með viðmótshermun á fyrirbyggjandi kerfum og einnig tilraunaverkefnum, þegar nauðsyn krefur vegna rannsókna og þá einkum vegna almennrar staðfestingar á tækni.

2. **Þróun:** Öflun, sameining, mótun og notkun á fyrirbyggjandi vísindalegri, tæknilegri, viðskiptalegri og annarri hagnýtri þekkingu og kunnáttu í því skyni að þróa nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu. Þetta getur m.a. einnig tekið til starfsemi sem miðar að skilgreiningu á hugmynd, áætlanagerð og skrásetningu nýrra vara, verkferla eða þjónustu. Þróun getur falist í hönnun frumgerðar, gerð sýnisútgáfu, framkvæmd tilraunaverkefnis, prófunum og að sannreyna nýjar eða endurbættar vörur, verkferla eða þjónustu í umhverfi sem er einkennandi fyrir raunveruleg vinnsluskilyrði þar sem aðalmarkmiðið er að gera frekari tæknilegar endurbætur á ófullmótuðum vörum, verkferlum eða þjónustu. Hér getur líka verið um að ræða þróun á markaðshæfri frumgerð eða tilraunaverkefni, þegar slík frumsmíð er óhjákvæmilega endanleg markaðsvara þar sem framleiðsla á henni er of kostnaðarsöm til þess að nota eingöngu til kynningar og til að sannreyna eiginleika hennar.

Almennur rekstur telst ekki til þróunar.

Starfsemi sem er í eðli sínu hluti af almennum rekstri fyrirtækja telst ekki til þróunar. Hér undir fellur m.a. eftirtalið:

- a. Breytingar sem teljast eðlilegur hluti af almennri starfsemi fyrirtækis á vörum, þjónustu, framleiðslulínunum, framleiðsluferlum, núverandi þjónustu eða annarri áframhaldandi starfsemi, jafnvel þótt slíkar breytingar geti leitt af sér úrbætur.
- b. Umbætur, breytingar og/eða viðbætur við vörur fyrirtækis, þjónustu eða framleiðsluferla, þegar ekki er um að ræða þróun nýrrar þekkingar, nýrrar færni eða nýtingu núverandi þekkingar á nýjan hátt.
- c. Þjálfun og endurmenntun.
- d. Markaðsathuganir og markaðskannanir.
- e. Uppsetning eða aðlögun á aðkeyptum búnaði og tækjum.
- f. Uppsetning framleiðsluferlis og framleiðsla
- g. Öflun, bygging eða endurbætur á fasteignum, ökutækjum, skipum eða loftförum.
- h. Kortlagning á eða leit að námum, náttúruauðlindum, landsvæðum eða sambærilegu.
- i. Fjármögnun samstarfsverkefna án virkrar þátttöku allra samstarfsaðila í verkefninu.
- j. Eftirlit, gæðamat og vottun á núverandi framleiðslu og framboði á vöru og þjónustu.

Hugtakið „fyrirtæki“

Tveir eða fleiri lögaðilar geta talist ein rekstrareining með tilliti til beitingar reglna um ríkisaðstoð og þegar þannig stendur á telst sú rekstrareining fyrirtækið sem horfa ber til. Mat á því hvort lögaðilar séu tengdir með þessum hætti er háð atriðum á borð við ráðandi eignarhlut og önnur rekstrarleg, fjárhagsleg og skipulagsleg tengsl eins og tilgreint er í viðauka við GBER, sem vísað er til í lögum 152/2009.

Ekki er nóg að horfa til rekstrarforms aðila eins og ella mætti ráða af 3. tölul. 3. gr. laganna en í því ákvæði er vísað í lög um tekjuskatt, þ.e. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Ríkisaðstoðarkerfið sækir stoð sína til Evrópuréttar líkt og kveðið er á um í lögskýringargögnum laganna og vísað er til í 1. mgr. 15. gr. Hugtakið fyrirtæki verður í samræmi við það að túlka sem rekstrareiningu / efnahagslega einingu (e. economic unit) þegar lagt er mat á hámarksfjárhæðir.

Sjá í þessu sambandi einnig leiðbeiningar frá framkvæmdastjórn ESB um veitingu aðstoðar á grundvelli GBER : „*In accordance with the case law, an undertaking is defined as a single economic entity having a common source of control. Therefore, as long as the group acts as a single economic unit, it shall be considered as one undertaking and the economic situation of all the legal persons part of the group shall be considered when granting aid under the GBER.*“

Hugtakið lítið og meðalstórt fyrirtæki, “SME“

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Lögin skipta fyrirtækjum í þrjá flokka eftir fjölda starfsmanna og/eða veltu í evrum.

- Lítil fyrirtæki, eru fyrirtæki þar sem starfsmenn eru færri en 50 og með árlega veltu undir 10 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 10 milljónum evra.
- Meðalstór fyrirtæki, sem hafa á bilinu 50-250 starfsmenn og með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra.
- Stór fyrirtæki, með fleiri en 250 starfsmenn.

Þar sem fyrir liggur, samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laga nr. 152/2009, að skattfrádráttur rannsókn- og þróunarkostnaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki reiknast 35% af viðurkenndum kostnaði staðfesta verkefna, en 25% hjá stórum, þá skiptir máli að fyrirtækin séu rétt skráð í þessa flokkun samkvæmt þeim skilgreiningum ESB/ESA, sem umrædd lög byggja á. Í því sambandi getur t.d. haft mikil áhrif hvort fyrirtækið er hluti af stærri samstæðu.

Til þess að taka af allan vafa og misskilning um hvort ykkar fyrirtæki er rétt flokkað m.t.t. stærðar í umsóknum ykkar um skattfrádrátt rannsókn- og þróunarkostnaðar, leggur Rannís til að fyrirtækið fari í gengum útreikninga til að sannreyna rétt stærðaflokkun. Hægt er að nálgast skilgreiningu og verklag til staðfestingar á stærð fyrirtækisins, á neðangreindum vef tenglum. Ef vafi er um hvernig fyrirtæki flokkast, leggur Rannís til að umsækjendur fari í gegnum sjálfsmat og útreikninga á neðangreindum tenglum. Í þeim tilfellum þarf að senda sjálfsmatið ásamt staðfestingu endurskoðanda í umsókn sem viðhengi í kafla 2.2. í umsókn.

Sjá: https://ec.europa.eu/growth/tools-databases/SME-Wizard/smeq.do;SME_SESSION_ID=-Htf6IFHqWMX519fzXKtjEx3JRfLJ3dMCQISrxAqTDal-1hgk2ON!245382482?execution=e1s1

Einnig er vert að kynna sér vel skilgreiningu ESB/ESA á SME á vel ESB.

Sjá: <https://ec.europa.eu/docsroom/documents/42921/attachments/1/translations/>

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga

Samanlagður opinber stuðningur við hvert nýsköpunarverkefni, að meðtöldum skattfrádrætti, fer eftir stærð fyrirtækisins og hvort verkefni telst vera rannsóknarverkefni eða þróunarverkefni. Í Tafla 1 sést hver samanlagður opinber stuðningur við hverja tegund verkefnis getur orðið að hámarki.

	Þróunarverkefni		Rannsóknarverkefni	
	Án samstarfs	Samstarfsverkefni	Án samstarfs	Samstarfsverkefni
Lítill fyrirtæki	45%	60%	70%	80%
Meðalstór fyrirtæki	35%	50%	60%	75%
Stór fyrirtæki	25%	40%	50%	65%

Tafla 1: Samanlagður hámarks opinber stuðningur við verkefni eftir tegund verkefna og stærð fyrirtækja.

Dæmi: Lítið fyrirtæki vinnur að rannsóknarverkefni án samstarfs, hámarks opinber stuðningur er þá 70% af heildarkostnaði verkefnisins. Gefið er að kostnaður við verkefnið er 10 mkr og hámarks opinber stuðningur getur því orðið 7 mkr. Skattfrádráttur getur þá numið að hámarki 3,5 mkr. Verkefnið er svo styrkt með öðrum opinberum styrkjum t.d. Tækniþróunarsjóði að upphæð 4 mkr og öðrum opinberum sjóði að upphæð 2 mkr. Þá lækkar skattfrádrátturinn niður í 1 mkr svo að hámark opinbers stuðnings fari ekki yfir 7 mkr.

Til að verkefni geti flokkast sem samstarfsverkefni og aukið þannig hlutfall hámarksstyrks við verkefni þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt.

- Ekkert fyrirtæki getur farið með meira en 70% af styrkhæfum kostnaði vegna samstarfsverkefnis.
- Verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera milli landamæra, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

Í tilfalli samstarfs við rannsóknastofnun og/eða háskóla þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt svo aukning á styrkhæfi rannsóknarverkefna geti orðið.


- Rannsóknarstofnun fer með í það minnsta 10% af styrkhæfum kostnaði.
- Rannsóknarstofnun hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd. Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift eða þær birtar á viðeigandi vettvangi.

Kostnaðaráætlun og kostnaðargerð

Með hverri umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun. Halda þarf sérstaklega utan um þennan kostnað og gera grein fyrir honum á þann veg sem ríkisskattstjóri ákveður.

Kostnaðaráætlun og sundurliðun vegna rannsóknar- og þróunarverkefna skal vera skýr og greinargóð. Afmarka þarf verkþætti þannig að hægt sé að meta framgang ef verkefni nær til fleiri ára. Kostnaður er sundurliðaður á verkþætti í kafla 2.4 í umsókn og í kafla 2.7 er sami kostnaður sundurliðaður á kostnaðarpætti í samræmi við eyðublað RSK 4.21 hjá Skattinum. Auk þess er gerð grein fyrir kostnaði vegna aðkeypttrar rannsóknar- og þróunarvinnu frá utanaðkomandi aðilum og samstarfsaðilum í kafla 2.5 og 2.6.

Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður og í samræmi við eyðublað RSK 4.21 (https://www.skatturinn.is/media/rsk04/rsk_0421_2023.is.pdf) við skattskil. Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum fyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. [X. kafla laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Kostnaðargreinargerð hvers verkefnis skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókará.



The screenshot displays the Rannís tax portal interface. On the left, a navigation menu lists sections 2.1 through 2.8. The main content area is titled '2.7 Kostnaðaráætlun' and contains a table for estimating costs for the years 2022, 2023, and 2024. A red box highlights a note: 'Sundurliðun kostnaður í umsókn er í samræmi við eyðublað RSK 4.21'. To the right, a form titled 'Greinargerð um skattfrádrátt' (Form for tax deduction) is shown, with a red box highlighting the 'Skattfrádráttur' section. The form includes various checkboxes and input fields for detailing the costs and their eligibility for tax deduction.

Sá kostnaður sem myndar stofn skattfrádráttar þarf að uppfylla almenn skilyrði um frádráttarbæran kostnað í skattalegum skilningi, svo og um tengsl kostnaðar við viðkomandi rannsóknar- og þróunarverkefni.

Styrkhæfur kostnaður

Í 5. gr. reglugerðar nr. 758/2011 (<https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=758.2011.0>) kemur fram hvaða kostnaður telst styrkhæfur.

Eftirfarandi kostnaður telst styrkhæfur rannsókn- og þróunarkostnaður skv. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 152/2009 og 7. gr. reglugerðar nr. 758/2011 enda sé um frádráttarbæran rekstrarkostnað að ræða í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

1. Starfsmannakostnaður, þ.m.t. vegna vinnu vísindamanna, tæknimanna og annars aðstoðarfólks sem vinnur að rannsóknarverkefninu.
2. Kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og reiknaður er á grundvelli góðra reikningsskilavenja styrkhæfur kostnaður við þessar aðstæður.
3. Kostnaður vegna bygginga og lands, að því marki og í þann tíma sem fasteignirnar eru notaðar við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og reiknaður er á grundvelli góðra reikningsskilavenja styrkhæfur kostnaður. Að því er varðar land telst útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til, uppfylla skilyrði sem styrkhæfur kostnaður.
4. Kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem fengin eru frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem eingöngu er nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina.
5. Annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins. Þó ekki sá kostnaður sem fellur til í beinum tengslum við umsókn um staðfestingu hjá Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís).
6. Annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til beint í tengslum við rannsóknarstarfsemina.

Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt.

Hámark kostnaðar og endurgreiðsluhlutföll

Skattfrádráttur miðast við hvert verkefni og þarf að sækja um fyrir hvert verkefni fyrir sig. Fyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefni á rétt á frádrætti frá álögdum tekjuskatti sem nemur allt að 35% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna, ef um er að ræða lítið eða meðalstórt fyrirtæki, en 25% ef fyrirtækið er stærra. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laga nr. 152/2009 frá desember 2022 reiknast skattfrádráttur rannsókn- og þróunarkostnaðar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki 35% af viðurkenndum kostnaði staðfesta verkefna, en 25% hjá stórum. Hámark kostnaðar til útreiknings hjá hverju fyrirtæki fyrir rekstrarárin 2023-2024 (til greiðslu 2024-2025) er 1.100.000.000 kr. á rekstrarári

en innan þess ramma má vera aðkeypt rannsóknar- eða þróunarvinna í verkefninu frá ótengdum innlendum og/eða erlendum aðilum fyrir allt að 200.000.000 kr.

Tengdir lögaðilar

Af lið 4 hér að framan, leiðir að kostnaður vegna tengdra aðila telst ekki frádráttarbær. Ef keypt er rannsóknar- eða þróunarvinna af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsókna- og þróunarverkefni er heimilt að taka tillit til þess kostnaðar að hámarki 200.000.000 kr. innan heildar kostnaðarramma fyrirtækisins ár hvert, enda liggja fyrir fullnægjandi gögn um kostnað sem gera skal grein fyrir í umsókn.

Lögaðilar teljast tengdir í skilningi þessa ákvæðis þegar:

- a. þeir eru hluti samstæðu skv. 2. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða eru undir beinu og/eða óbeinu meirihlutaeignarhaldi eða stjórnunarlegum yferráðum tveggja eða fleiri lögaðila innan samstæðu, eða
- b. meirihlutaeignarhald eins lögaðila yfir öðrum er til staðar samanlagt með beinum og óbeinum hætti, eða
- c. þeir eru beint eða óbeint í meirihlutaeigu eða undir stjórnunarlegum yferráðum einstaklinga sem eru tengdir sifjaréttarlegum böndum, t.d. einstaklinga í hjónabandi eða staðfestri samvist, systkina og einstaklinga sem eru skyldir í beinan legg.

Samstarfsverkefni

Sé um samstarfsverkefni tveggja eða fleiri aðila að ræða skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma fram í umsókn. Með umsókn skal fylgja samstarfssamningur milli þátttakenda. Frekari skilyrði fyrir samstarfsverkefnum má sjá í 7. gr. og 3. og 4. mgr. 15. gr. laga nr. 152/2009. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti fyrir verkefnið í heild er 1.100.000.000 kr. og er frádrætti skipt hlutfallslega milli samstarfsfyrirtækja.

Viðskiptaáætlun


Í 5. gr. laganna er tiltekið, að eitt af skilyrðum þess að verkefni fái staðfestingu sem rannsóknar- eða þróunarverkefni, að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun fyrir verkefnið sem sótt er um sé vel skilgreind.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2009152.html>

Hér er þó ekki átt við fullbúna viðskiptaáætlun eins og lögð er að öllu jöfnu fyrir fjárfestingarsjóði, heldur meginatriði sem gera grein fyrir fyrirhugaðri viðskiptahugmynd fyrirtækisins og framtíðarhorfum, þar sem virðisauka af sölu, notkun og störfum sem verða til í verkefninu er lýst í texta og áætluðum tölum. Viðskiptaáætlunin er innbyggður hluti af umsóknareyðublaðinu í kafla 3.2 og þarf því ekki að skila inn sem sér viðhengi, eins og áður var gerð krafa um.

Í viðskiptaáætluninni þarf að tilgreina áætlaðan líftíma þeirrar vöru/þjónustu sem verkefninu er ætlað að skila, auk þess sem gera þarf grein fyrir áætluðum árlegum tekjum og rekstrarkostnaði að meðtaltali (meðalár) á þeim líftíma. Gerð er krafa um að áætluð heildarframlegð verkefnisins á líftímanum skili a.m.k. hærri tölu en áætlaður heildar þróunarkostnaður við verkefnið. Í undantekningartilfellum má þó taka tillit til annars virðisauka hjá innlendum notendum, eða virði hugverks ef til stendur að selja hugverkið, í stað vöru/þjónustu.

Hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind - 5.gr. laga nr. 152/2009.



3.2 Áætlun um rekstrartekjur, virðisauka og stórf vegna afurða verkefnisins

Í 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (<https://www.althingi.is/lagas/muna/2009152.html>) er gerð krafa um að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptadætlun sé vel skilgreind. Viðskiptadætlun ásamt greinargerð um þann virðisauka sem viðskiptahugmyndinni er ætlað að skila er lýst í kafla 3.1 og 3.2 umsóknarinnar. Mikilvægt er að þessi lýsing sé hollgæð þannig að hægt sé að staðfesta að viðskiptadætlunin og þar með verkefnið uppfylli kröfur laganna og tilheyrandi reglugerða. Tölur um kostnað og fjármágnun verkefnisins í kafla 2.7 og 2.8 eru einnig hluti þessarar viðskiptadætlunar sem áþrýskast við það verkefni sem sýnir um staðfestingu fyrir en ekki fyrirtækið í heild, nema um sé að ræða eina verkefni fyrirtækisins. Ekki er þó gerð krafa um að skila inn fullblúnni viðskiptadætlun í viðhengi, ef upplýsingar í kaflum 2.7, 2.8, 3.1 og 3.2 reynast fullnægjandi.

Hér þarf að færa inn áætlaðan virðisauka vegna afurða verkefnisins sbr. 5 gr. laganna. Hér má tiltaka dætlun um, rekstrartekjur (þarnað) hjá umsækjanda, annan virðisauka vegna verkefnis t.d. hjá innlendum notendum afurðanna. Þú stórf sem skapast og annur dhreif til skemmi og lengri tíma. Hér þarf að afmarka það sem tilheyrir þessu verkefni, en ekki fyrirtækinu í heild nema um sé að ræða einu afurð þess.

Í næstisíðasta dálki (Meðalár*) tölfunnar er lagt gróft mat á hverju verkefnið getur skilað á ári yfir líftíma afurðar. Ef áætluð rekstrarafrömi í meðalárin er mærgfölduð með líftíma afurðar, þú getur séð hvernig hún er helgaðarkostnaður verkefnisins sem fram kemur í kafla 2.7 sí þess að tekið mægi verkefnið virðisaukandi.

Stuttar skýringar má færa í síðasta dálki tölfunnar, en færa þarf nánari rök fyrir forsendum og tækifærum sem liggja að baki þessum tölum í textaboxi fyrir neðan töfluna. Ársverk má skrá með einum aukastof.

Munú að víska síðuna a.m.k. á klukkutíma fresti – helst oftari!

Athugið: Skráðu allar fjárhæðir í þús. kr.

	2022	2023	2024	2025	Meðalár*	Skýring
Rekstrartekjur vegna afurða verkefnisins (þ. kr.)	0	0	0	0	100.000	
- þar af útfletningur (þ. kr.)	0	0	0	0	0	
Annar virðisauki vegna verkefnisins (t.d. hjá notendum afurða) (þ. kr.)	0	0	0	0	0	
- þar af virðisauki hjá notendum innan lands (þ. kr.)	0	0	0	0	0	
Launakostnaður (þ. kr.)	0,0	0,0	0,0	0,0	70000	
Fjöldi starfsmanna (ársverk) sem skapast innan lands vegna verkefnis	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
- þar af kaftar við R&B stórf (ársverk)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
- þar af konur við R&B stórf (ársverk)	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	
- þar af hlutlaust kyn við R&B stórf (ársverk)	0	0	0	0	0	
Rekstrarkostnaður vegna afurða verkefnisins (þús. kr.)	0	0	0	0	60.000	
Áætluð rekstrarafrömi (framlegð) vegna afurða verkefnisins (þús. kr.)	0	0	0	0	50.000	
Áætluð virðisútvirði hugverks/hugverkarettinda verkefnisins (þús. kr.)**	0	0	0	0	0	

** Á eingöngu við um verkefni þar sem megin verðmætastöpun verkefnisins felst í söluvirði hugverkarettinda til annarra fyrirtækja.

4. Skoðu og skila inn

Á þessari síðu koma fram átíð sem þarf að staðfesta og tryggja umsækjandi áður en umsókn er skilað. Vinsamlegast grífu og breytú á viðmánu síðu ef með þarf.

Upphæð fyrir "Launakostnaður (þ. kr.)" má ekki vera hærri en "Rekstrarkostnaður vegna afurða verkefnisins (þús. kr.)" í dálk fyrir árið "Meðalár".

Upphæð fyrir "Áætluð rekstrarafrömi (framlegð) vegna afurða verkefnisins (þús. kr.)" á að vera jöfn "Rekstrartekjur vegna afurða verkefnisins (þ. kr.)" - "Rekstrarkostnaður vegna afurða verkefnisins (þús. kr.)" í dálk fyrir árið "Meðalár".

Það skiptir miklu máli við staðfestingu Rannís á verkefninum, hversu vel umsækjandi setur fram og skilgreinir hugmyndir sínar að virðisaukandi vöru/þjónustu sem verkefninu er ætlað að skapa. Í því sambandi þarf umsækjandi að skilgreina væntingar sínar um rekstrar- og útflutningstekjur vegna afurða verkefnisins, sem gera má ráð fyrir að skapist hjá fyrirtækinu hér á landi. Einnig skal leggja mat á fjölda starfa (ársverk) sem skapast hér á landi vegna verkefnis.

Áhersla er lögð á að umsækjendur geri góða grein fyrir væntingum sínum varðandi tekjur af sölu afurða verkefnisins og mögulegu virði þeirra fyrir innlenda notendur, á heildartímanum frá því að verkefnið hefst þar til líftíma afurðanna lýkur. Að öllu jöfnu byrjar tekjustreymi ekki fyrr en á öðru til fjórða ári og hvatt er til að gera áætlun til tíu ára fram í tíman ef kostur er. Þó er hægt að tilgreina áætlun til lengri tíma þegar verkefnið eru þess eðlis að tekjustreymi byrjar ekki fyrr en á fimmta til tíunda ári. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir í skýringartexta hvernig magntölur, verð og virði fyrir notendur er reiknað. Það er vissulega oftast bundið talsverðri óvissu að horfa svona langt fram í tímann, en engu að síður mikilvægt að skapa mynd af þeim markaðslega árangri sem umsækjandi telur raunhæft að ná, ef tæknileg markmið

þróunarverkefnisins nást. Jafnframt er metið hvort bolmagn og tengsl til að hagnýta niðurstöður á markaði séu til staðar, eða hægt sé að skapa þær forsendur sem lagt er upp með. Í umsókn er nauðsynlegt að gera grein fyrir hvernig staðið yrði að því að koma afurðum á markað og þjónustu við viðskiptavinum. Mikilvægt er að gera sem besta grein fyrir samkeppnisstöðu, áhættu, óvissu og hvernig umsækjendur hyggjast bregðast við þeim veikleikum sem blasa við í því sambandi.

Innsending á umsókn og svör við fyrirspurnum

Á hverju stigi þarf að vista breytingar á umsóknum sem skila þarf inn í kafla 4 í umsókn. Það er því ekki nóg að vista gögn við skil á nýrri umsókn og nýjum svörum í kerfinu, heldur þarf að skila inn umsókn að nýju efir hverja fyrirspurn, annars geta starfsmenn Rannís ekki tekið umsóknina til vinnslu.

Ef fram koma villur þegar skila á umsókn inn þarf að lagfæra þær, en ef fram koma ábendingar er rétt fyrir umsækjendur að skoða hvort breytinga er þörf, áður en umsókninni er skilað til að forðast frekari fyrirspurnir og tafir í afgreiðslu.

The screenshot shows the Rannís application system interface. At the top, there is a green checkmark icon and the text "Villutékk - vera í góðum tíma!!". Below this, the Rannís logo and the text "Umsókn: 228951-8011" are visible. The interface is divided into several sections, including a navigation bar with "Umsóknir", "Villutékk", "Villuáætlanir", and "Skilbrigði skila inn". The main content area is titled "4. Skoða og skila inn" and contains a list of errors. A green checkmark icon is also present in the center of the page. The errors listed include:

- 1. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 2. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 3. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 4. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 5. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 6. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 7. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 8. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 9. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 10. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 11. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 12. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 13. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 14. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 15. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 16. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 17. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 18. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 19. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 20. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 21. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 22. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 23. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 24. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 25. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 26. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 27. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 28. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 29. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 30. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 31. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 32. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 33. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 34. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 35. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 36. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 37. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 38. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 39. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 40. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 41. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 42. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 43. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 44. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 45. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 46. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 47. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 48. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 49. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 50. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 51. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 52. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 53. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 54. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 55. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 56. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 57. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 58. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 59. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 60. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 61. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 62. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 63. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 64. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 65. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 66. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 67. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 68. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 69. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 70. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 71. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 72. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 73. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 74. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 75. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 76. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 77. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 78. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 79. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 80. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 81. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 82. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 83. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 84. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 85. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 86. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 87. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 88. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 89. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 90. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 91. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 92. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 93. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 94. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 95. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 96. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 97. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 98. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 99. Villutékk - vera í góðum tíma!!
- 100. Villutékk - vera í góðum tíma!!

2. Verklag Rannís við yfirferð umsókna

Þegar umsókn berst Rannís er hún metin út frá kröfum laga nr. 152/2009 og tilheyrandi reglugerðasafna út frá þeim upplýsingum og fylgiskjöllum ef við á, eins og fram kemur í umsóknareyðublaði m.a. m.t.t þess hvort hún sé efnislega fullnægjandi.

Komi í ljós að upplýsingar vantar eða að upplýsingar eru ófullnægjandi er kallað eftir viðbótarupplýsingum og umsækjanda veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim til Rannís. Séu upplýsingar þá fullnægjandi er umsókn talin fullgild og tekin til umfjöllunar. Taka skal afstöðu til umsóknar innan tveggja mánaða frá því fullgild umsókn liggur fyrir.

Afstaða Rannís í hverju þrepi getur verið á þrjá vegu:

1. Verkefni staðfest -> Tilkynning send á ríkisskattstjóra.
2. Fyrirspurn -> Eftir svör aftur-> 1. 2. eða 3.
3. Boðun-nei -> Umsækjanda gefst þó færi til senda inn athugasemdir:->
 - a. Athugasemdir breyta ekki afstöðu Rannís -> Verkefni hafnað
 - b. Athugasemdir teknar til greina -> Fyrirspurn eða Verkefni staðfest.

Í umfjöllun um einstakar umsóknir er hver og ein metin sjálfstætt út frá efni hennar. Í svari til umsækjenda skal málefnalegur rökstuðningur um afgreiðslu umsóknar fylgja.

Þegar verkefni er staðfest tilkynnir Rannís viðkomandi fyrirtæki niðurstöðuna, auk þess að tilkynna embætti ríkisskattstjóra um þau fyrirtæki sem koma að verkefnum sem uppfylla skilyrði laganna og hlotið hafa staðfestingu á grundvelli þeirra.

Öll samskipti varðandi umsýslu umsókna og svör til umsækjenda fara fram í sérstöku umsýslukerfi sem Rannís hefur hannað til að halda skipulagi og rekjanleika á stöðu og niðurstöðum umsókna. Mikilvægt er að umsækjendur virði þá tímafresti sem gefnir eru og skili inn svörum innan þessa samskipta- og umsýslukerfis.

Á hverju stigi þarf að vista breytingar á umsóknum sem skila þarf inn í kafla 4 í umsókn. Það er því ekki nóg að vista gögn og ný svör í kerfinu heldur þarf að skila inn umsókn að nýju efir hverja fyrirspurn, annars geta starfsmenn Rannís ekki tekið umsóknina til vinnslu.

Umsækjendur geta sett sig í samband við sérfræðinga Rannís í síma eða með tölvupósti ef spurningar vakna eða vandamál koma í ljós, en slík samskipti eru ekki skráð sem rekjanlegur þáttur í umsýslukerfinu og teljast ekki með í hinu formlega samskiptaferli. Sama á við um fjarfundi og heimsóknir sérfræðinga Rannís til fyrirtækja.

Samkvæmt lögnum eru ákvarðanir Rannís um afgreiðslu umsókna endanlegar á stjórnarsýslustigi, með fyrirvara um réttmæti upplýsinga sem umsækjandi lætur í té í umsóknargögnum. Allar fjárhagslegar upplýsingar sem fram koma í umsóknum eru á ábyrgð viðkomandi umsækjenda.

Fagnefnd

Sérstök fagnefnd kemur að málsmeðferð samkvæmt lögnum. Fagnefndin er ráðgefandi og er skipuð þremur fulltrúum; fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina. Fagnefndin veitir ráðgjöf um álitaefni, verklag og skilgreiningar á verkefnum, en fjallar að öllu jöfnu ekki um einstakar umsóknir eða umsækjendur. Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna er alfarið á höndum Rannís.

Gátlistar

Starfsmenn Rannís nota gátlista við yfirferð umsókna. Umsækjendur munu hafa aðgang að þessum gátlistum og geta yfirfarið sjálfir umsókn sína áður en hún er send til umfjöllunar. Hér að neðan er sýnishorn af gátlistum:

Skattfrádráttur vegna rannsóknar-og þróunarkostnaðar

Efni:	Já	Nei
1. Skilyrði sem uppfylla þarf:		
Er verkefnið rannsóknar- eða þróunarverkefni		
Er hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu vel skilgreind		
Er verkáætlun (verkbættir) vel skilgreind		
Er viðskiptaáætlun vel skilgreind		
Er áætlað að verja a.m.k. 1 millj. kr. til rannsóknar- og þróunarstarfs á 12 mánaða tímabili		
Hafa starfsmenn þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmyndin nær til		
Íslenska ríkið á ekki útistandandi endurgreiðslukröfu á umsækjanda vegna ólögætrar ríkisaðstoðar		
Fyrirtækið á ekki í fjárhagsvanda		
2. Almennar upplýsingar:		
Er um að ræða aðra opinbera styrki vegna verkefnisins		
Hefur verið keypt rannsóknarvinna af öðrum aðilum		
- Öðrum viðurkenndum fyrirtækjum		
- Háskólum		
- Stofnunum		
Er verkefnið skilgreint sem samstarfsverkefni		
- Er samstarfsaðili tilgreindur		
- Fylgir samstarfssamningur með umsókn		

Uppfylla þarf öll atriði í lið 1 til þess að umsækjandi fullnægi skilyrðum.

3. Algengar spurningar og svör.

Þessi kafli er tilkominn í samstarfi við hagsmunaaðila og þá sem samráð er haft við vegna útfærslu á framkvæmd laganna. Ennfremur er hann uppfærður þegar umsækjendur vinna að umsóknum og upp koma atriði sem þarf að skýra nánar.

Dæmi:

- Við greiðum engan launaskatt, bara VSK og fyrirtækjaskatt (t.d. tryggingargjald). Mun það gagnast okkur að sækja um skattfrádrátt?
 - Varðandi skattfrádrátt vegna R&P- verkefna er ekki gerð krafa um að fyrirtæki sé komið í þá stöðu að greiða tekjuskatt. Ef það er enginn skattstofn þá er frádrátturinn greiddur út.
- Hvað er átt við með aðgreiningu kostnaðar vegna R&P frá öðrum rekstri?
 - Hér er það spurning um bókhaldslegt uppgjör og hvernig verkbókhaldi er háttað. Endurskoðandi getur ráðlagt hvernig standa skuli að bókhaldi.
- Aðgengi RSK að gögnum?
 - Ríkisskattstjóra er tilkynnt um þau verkefni sem Rannís staðfestir.
- Hvað ef umsókn er hafnað?
 - Niðurstaða Rannís er endanleg á stjórnslustigi, sbr. 8. gr. laga nr. 152/2009, en ef umsókn er ófullkomin að því leyti að gögn vantar gefst umsækjanda kostur á að bæta úr því.
- Er hægt að vísa í umsókn til Tækniþróunarsjóðs?
 - Nei.
- Verkefni nær ekki 1 milljón króna marki á almanaksári sem sótt er um, en áætlun á 12 mánaða tímabili sem fellur á tvö almanaksár er yfir 1 milljón?
 - Í reglugerð er kveðið upp úr með að 12 mánaða tímabilið er rekstrarár fyrirtækisins, sem er nánast alltaf almanaksárið. Kostnaður við verkefnið þarf að ná 1 milljón króna á rekstrarárinu.
- Hvar finn ég eyðublað til að skila upplýsingum til RSK?
 - Eyðublaðið sem fylla þarf út hjá RSK er númer 4.21.
- Eru gögn sem send eru til Rannís meðhöndluð sem trúnaðarmál?
 - Já, gögn sem send eru til Rannís er varða umsóknir eru trúnaðarmál.

- Er kostnaður við einkaleyfisumsókn viðurkenndur kostnaður?
 - Samkvæmt reglugerð er kostnaður í tengslum við einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem fengin eru frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum ótengdra aðila viðurkenndur kostnaður (sjá 4. tölulið 5. gr. reglugerðar nr. 758/2011 með síðari breytingum). Kostnaður við öflun einkaleyfis telst hins vegar ekki vil viðurkennds kostnaðar skv. úrskurði yfirs kattane fndar. (Sjá: <https://yskn.is/urskurdir/skoda-urskurd/?nr=6155>)
- Eiga opinber hlutafélög rétt á að sækja um skattfrádrátt?
 - Sjá 1. grein reglugerðar númer 758/2011 með síðari breytingum sem finna má í viðauka handbókar.
- Hvað er átt við með viðskiptaáætlun?
 - Viðskiptaáætlun er innbyggður hluti í umsóknarformi þar sem virðisauka af sölu, notkun og störfum sem verða til í verkefninu er lýst í texta og áætluðum tölum. Óskað eftir stuttri lýsingu þar sem meðal annars kemur fram hvaða áhrif verkefnið hefur á framtíð fyrirtækisins á líftíma þeirra afurða sem þróaðar eru. Umsækjandi þarf að leggja mat á þann virðisauka sem verkefnið skilar að meðaltali á ári á líftíma lausnarinnar, í formi rekstrartekna, virðisauka fyrir notendur og sköpun nýrra starfa. Með líftíma lausnarinnar er átt við hversu mörg ár megi teljast líklegt að reikna með virðisauka vegna þeirrar lausnar sem þróuð er í verkefninu, áður hún megi teljast úrelt.
- Hvað ef ekki var send inn umsókn fyrir 1. október á síðasta ári, en eftir er að skila skattskýrslu fyrir það ár – er enn hægt að sækja um endurgreiðslu vegna þess árs?
 - Nei, fresturinn er lögbundinn.
- Er kostnaður vegna aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu frá tengdum aðilum frádráttarbær?
 - Nei
- Hvað merkir „fyrirtæki í fjárhagsvanda“
 - Skv. 2.gr. 4. Tölulið reglugerðar 758/2011 með síðari breytingum (<https://skattalagasafn.rsk.is/?reg=758.2011.0>) er þetta skilgreint á eftirfarandi hátt: (sjá næstu síðu)

(4) Eigi umsækjandi um staðfestingu verkefna í fjárhagsvanda skal umsókn hafnað. Fyrirtæki telst eiga í fjárhagsvanda ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

1. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi. Þessi töluliður á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt og starfsemi þess hefur staðið yfir í þrjú ár eða skemur.
2. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi. Þessi töluliður á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt og starfsemi þess hefur staðið yfir í þrjú ár eða skemur.
3. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða [uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa.]²⁾
4. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna ESA um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
5. Um er að ræða fyrirtæki sem hvorki er lítið né meðalstórt og hefur uppfyllt eftirtalin skilyrði síðustu tvö reikningsár:
 - a. hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
 - b. hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.]¹⁾